



Reykjavík 10. júní 2022

Alþingi Íslands

Varðar umsögn um

Þingskjal 838 — 596. mál. 152. löggjafarþing 2021–2022.

RVK Brewing Co. er handverksbrugghús í hjarta Reykjavíkur. Félagið hefur starfað í fjögur ár og hefur á þeim tíma gert tugi mismunandi bjóra, með gæði, fjölbreytni og smá ævintýramennsku að leiðarljósi. Auk bjórgerðar er rekin lítil bruggstofa á framleiðslustað félagsins skammt fyrir ofan Hlemm, þar sem bjóráhugafólk sem hefur aldur til getur komið inn, fengið upplýsingar og fræðslu um vöruna frá fyrstu hendi og smakkað á vörum félagsins til að njóta á staðnum, enda hefur félagið áfengissöluleyfi til að reka þar bar.

Fyrir handverksbrugghús eins og RVK Brewing Co. myndi það skipta verulega miklu máli að geta líka selt gestum sem sækja brugghúsið heim bjór til að taka með heim, hvort heldur í neytendaumbúðum eða í endurnýtanlegum fjölnota umbúðum. Það myndi skjóta frekari stoðum undir rekstur félagsins, auk þess sem það gæfi okkur kost á að auka enn fjölbreytni í okkar vöruúrvali og veita viðskiptavinum og velunurum okkar aukna upplifun og ánægju.

Möguleikar handverksbrugghúsa, sem jafnan eru smá, til að koma vöru í neytendaumbúðum á markað hér á landi eru takmarkaðir þar sem einungis er leyfilegt að selja hana í gegnum einn útsöluaðila sem er Áfengis og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR). ÁTVR sinnir þessu hlutverki að mörgu leyti vel, en þó eru takmarkanir á hvaða vöru þeir taka í sölu. Sem dæmi þá eru 100 vörunúmer í kjarnasölu fyrir lagerbjór og 50 vörunúmer fyrir annan bjór en lagerbjór. Fyrir lítil brugghús er nær ómögulegt að koma vöru sinni þar að. Möguleikar eru að koma árstíðabundinni vöru að í takmarkaðan tíma, auk þess eru einhverjar undanþágur og tilslakanir í boði fyrir almennri sölu, en þær eru óljósar, ógegnsæjar og kostnaðarsamar. Það er til dæmis vel hugsanlegt að ef framleiðandi sækji um að koma bjór í sölu fái hann þau svör að pöntun frá ÁTVR komi fyrst eftir eitt ár; á þeim tíma er bjórinn líklega ónýtur og tap brugghússins verulegt. Hinn íslenski bjóráhugamaður líður fyrir þetta, enda þýðir það að hann/hún á erfitt með að nálgast nýja vöru, því brugghús veigra sér við að framleiða hana, eða hún fær ekki aðgengi eða dreifingu að neinu ráði í verslunum ÁTVR.

Því fagnar RVK Brewing að þetta frumvarp komi fram nú. Verði það samþykkt mun það styrkja og styðja rekstur smárra framleiðenda um land allt, sem aftur mun leiða til meiri gæða hjá neytendum sem fá ferskari og fjölbreyttari vörur á hagkvæmari hátt fyrir þá og umhverfið.

F.h. S.B. brugghúss ehf. / RVK Brewing Co.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður P. Snorrason'. The signature is fluid and cursive, written over a white background.

Sigurður P. Snorrason

Meðstofnandi og framkvæmdastjóri